



1973

Golfklúbbur Borgarness

Ársskýrsla Golfklúbbs Borgarness

2022-2023



Ársskýrsla stjórnar Golfklúbbs Borgarness 2023

Í stjórn klúbbsins:

Formaður	Ingvi Árnason
Varaformaður	Snæbjörn Óttarsson
Ritari	Elva Pétursdóttir
Gjaldkeri	Margrét Katrín Guðnadóttir
Meðstjórnandi	Ómar Örn Ragnarsson

Inngangur

Að baki er 50. starfsár klúbbsins. Afmælisár með stórum staf. Gefið var út veglegt Afmælisrit „HAMARINN“, þar sem gerð var grein fyrir helstu atburðum í sögu klúbbsins. Haldið var afmælimót (boðsmót) þar sem forsvarsmönnum GSÍ og nágrennasklúbbum var boðið.

Árið hafði sína sérstöðu eins og flest ár í starfsemi klúbbsins. Árið byrjaði illa, maí og júní voru blautir og kaldir en júlí var þurr og sólríkur og það hélst fram á haust.

Aðsókn hjá okkur var góð á árinu, bæði á völlinn í að mótum okkar. Veðrið hafði talsverð áhrif á aðsókn. Hjá okkur var vorið gott, en sumarið kalt og haustið sérlega hlýtt til þessa dags. Öllu snúið á haus. Í Reykjavík var úrkoma sumarsins 19% yfir meðallagi árána 1991-2022. En eins og við þekkjum hér á Hamri þá skýlir Skarðsheiðin okkur fyrir sunnan- og austanáttum, þannig að hér var þurrt veður þó rigndi sunnan heiðar. Þetta eru gestir okkar farnir að læra á.

Rekstur golfklúbbsins

Í fjárhagsáætlun klúbbsins fyrir 2023 var gert ráð fyrir 72,7 m.kr í tekjur og 67,1 m.kr í gjöld og 5,6 m.kr í hagnað. Niðurstaðan varð sú að tekjur ársins voru 75,0 m.kr. Gjöld voru 88,8 m.kr. Tap fyrir fjármagnsliði 14,7 m.kr.

Nánar verður gerð grein fyrir rekstri klúbbsins hér á eftir þegar ársreikningur klúbbsins verður lagður fram.

Framkvæmdir

Framkvæmdir á vallarsvæðinu á árinu voru fyrst og fremst á „Torginu“ við 1. og 12. teig. Svæðið var ræst út með drein-skurðum og 1. teigurinn endurbyggður. Einnig var sett niður „Smáhýsi“ fyrir ræsana okkar á mitt Torgið. Þá var unnið að lagfæringum á fremri teigum vallarins. Þá voru settir upp tveir kamrar á árinu, annar við 6. grín á vellinum og hinn við 15. teig. Ný teigmerki voru sett á völlinn og eru nú teigar ekki lengur eftir litum heldur eftir númerum 42, 48, 53 og 55.

Einnig er nú í gangi vinna við að dreina braut 3, 6, 13, 14 og er sú vinna langt komin.

Starfsmannamál

Jóhannes framkvæmdastjóri var áfram með vallarumsjón eins og undanfarin ár og eini heilsársstarfsmaður klúbbsins. Auk hans voru 9 starfsmenn hjá okkur í sumar, í misjöfnu starfshlutfalli, einn sjálfboðaliði og 3 verktakar. Guðbrandur Magnússon, bifvélavirki sem sá um að halda gömlu vélunum okkar gangandi. Þegar hann var ekki í viðgerðum á vélum vann hann sem vallarstarfsmaður.

Vallarstarfsmenn voru Aron Emil Andrason, Auðunn Atli Scott, Ásmundur Þór Guðmundsson, Bordiuhof Valerij, Sævar Alexander Pálmason, Viacheslav Drahel, Þorsteinn Logi Þórðarson, Þórður Sigurðsson. Verktakar voru Guðríður Ebba Pálsdóttir, Jón Örn Ómarsson, Gunnhildur Lind og Anton Elí Einarsson, sem sá um þjálfun barna og unglina. Síðast en ekki síst er svo Þórhallur Teitsson, sjálfboðaliði og færum við honum sérstakar þakkir, það má segja að sé hér flesta daga vikunnar við hirðingu vallarins, slátt og önnur tilfallandi verkefni.

Þessum starfsmönnum, bæði launuðum og ólaunuðum, vil ég færa bestu þakkir fyrir vel unnin störf. Breyting varð á starfsmannahaldi GB á rekstrarárinu, Jóhannesi Ármannssyni framkvæmdastjóra klúbbsins var sagt upp stöfum frá og með 01. október 2023. Hann hefur starfað hjá GB síðan árið 2008 og þakkar klúbburinn honum störf hans undanfarin 15 ár.

Mótahald og vallartekjur

Mót á Hamarsvelli sumarið 2023 voru 42 með mótum hópa og fyrirtækja. Á vegum klúbbsins voru haldin 15 innanfélagsmót og 8 opin mót. Klúbburinn sá einnig um að halda tvö GSÍ mót.

Íslandsmót golfklúbba í 2.deild kvenna og Íslandsmótið í holukeppni

Tekjur af mótahaldi hækkuðu á milli ára úr 14,7 m.kr í 16,5 m.kr. eða 12,7%. Tekjur af velliðum hækku úr 27,2 m.kr í 30,0 m.kr eða um 10,4%.

Félagar

Félögum klúbbsins fækkaði frá fyrra ári, eru nú 296. Ljóst er að félögum muni fækka enn frekar á árinu 2024 og því mikilvægt að fara í áttak til að fjölga félagsmönnum. Félagsgjöld lækkuðu því úr 14,8 m.kr í 13,7 m.kr eða um 7,2%.

Árangur félaga GB á árinu

Albert Garðar Práinsson og Margrét Katrín Guðnadóttir voru klúbbmeistarar árið 2023. Íslandsmót Golfklúbba fór fram í ágúst, Þrjár sveitir á vegum GB tóku þátt í keppninni í ár.

Kvinnasveit GB lék í 2. deild á heimavelli og varð í 5. sæti og heldur sínu sæti í deildinni. Karlasveit GB lék í 3. deild á Húsavík og varð í 2. sæti og heldur sínu sæti í 3. deild.

Karlar 50+ léku á Golfklúbba Suðurnesja í 1. deild og urðu í 8. sæti og falla því niður í 2. deild.

Inniaðstaða

Inniaðstaða okkar í Menntaskólanum var lítið nýtt af kylfingum s.l. vetur. Hermir sem var settur upp þar síðastliðin vetur var lítið notaður, en hann virkar illa í þessu rými þar sem netkerfið virkar ekki vel í kjallaranum. Þútt-hópur okkar undir stjórn Ingimundar Ingimundarsonar, var með þúttmót tvisvar í viku fyrir eldri kylfinga sem hafa fylgt okkur frá því „Eyjan“ var og hét. Ingimundur gerir betri grein fyrir starfinu í sérstakri skýrslu sem verður lögð fram á aðalfundi GB.

Samstarfsaðilar

Samstarfið við Hótel Hamar gekk vel. Ferðamenn eru mættir aftur og nýting hótelsins hefur aukist og nær yfir lengri tíma ársins. Nú þurfa kylfingar að hafa meiri fyrirvara á bókunum á gistingu. Kylfingar nýttu „Golf og gistingu“ eins og áður en í minna mæli. Sammerkt með öllum kylfingum er ánægja með alla aðstöðu og þjónustu sem veitt er þar. Enda er samstarf GB og Hótel Hamrs einstakt hér á landi. Hér upplifa kylfingar „Golfferða“ stemmingu hjá okkur á Hamri. Við færum þeim Sigurði, Bryndísi, Pétri, og öðru stafsólki Hótel Hamars bestu þakkir fyrir samstarfið á liðnu ári.

Lokaorð

Í þessari skýrslu hefur verið stiklað á stóru um helstu atriði í starfsemi Golfklúbbsins. Gerð er grein fyrir starfi nefnda í sérstökum skýrslum sem lagðar eru fram á aðalfundi GB. Lokið er 50. starfsári okkar. Við vonum að komandi ár verið okkur gjöfult.

F. h. stjórnar Golfklúbbs Borgarness

Ingví Árnason

Golfklúbbur Borgarness

Ársreikningur 2023

Óendurskoðaður ársreikningur
Golfklúbbur Borgarness
Hamri
310 Borgarnesi
Kt. 610979-0179

Áritun skoðunarmanna

Til stjórnar og haghafa í Golfklúbbi Borgarness.


Við höfum skoðað ársreikning félagsins fyrir árið 2023 og teljum við hann réttan.

Skoðunarmenn reikningsins staðfesta ársreikning félagsins með undirritun sinni:


Jón J. Haraldsson



Eiríkur Ólafsson


Stjórn félagsins staðfestir ársreikning þennan með undirritun sinni:


Ingvi Árnason, formaður


Margrét Katrín Guðnadóttir, gjaldkeri


Elva Pétursdóttir, ritari


Ómar Örn Ragnarsson, meðstjórnandi


Snæbjörn Óttarsson, meðstjórnandi

Rekstrarreikningur árið 2023

	Skýr.	2023	2022
Rekstrartekjur			
Aðrar tekjur		72.964.606	62.936.496
		<u>72.964.606</u>	<u>62.936.496</u>
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld		42.194.834	34.609.352
Ýmis rekstrarkostnaður		26.720.635	11.861.557
Rekstur vallar og tækja		13.882.225	7.846.531
Þjálfun, unglिंगastarf og kennsla		615.000	5.472.823
Afskriftir		3.499.267	0
		<u>86.911.961</u>	<u>59.790.263</u>
(Rekstrartap) -hagnaður fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(13.947.355)	3.146.233
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			
Vaxtatekjur		18.844	16.867
Vaxtagjöld	(946.914)	(515.338)
	(<u>928.070)</u>	<u>(498.471)</u>
Endurmat fastafjármuna		0	3.654.824
		<u>0</u>	<u>3.654.824</u>
(Tap) hagnaður ársins	(<u>14.875.425)</u>	<u>6.302.586</u>

Efnahagsreikningur 31. október 2023

	Skýr.	2023	2022
Eignir			
Varanlegir rekstrarfjármunir		125.241.758	123.692.638
Fastafjármunir		<u>125.241.758</u>	<u>123.692.638</u>
Birgðir		490.608	0
Viðskiptakröfur		4.170.281	5.749.408
Aðrar skammtímakröfur		1.707.771	3.863.811
Handbært fé		110.963	3.429.828
Veltufjármunir		<u>6.479.623</u>	<u>13.043.047</u>
Eignir samtals		<u><u>131.721.381</u></u>	<u><u>136.735.685</u></u>
Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé		113.385.737	128.261.162
Eigið fé		<u>113.385.737</u>	<u>128.261.162</u>
Skuldir			
Skuldir við lánastofnanir		763.482	4.420.171
Langtímaskuldir		<u>763.482</u>	<u>4.420.171</u>
Næsta árs afborganir langtímaskulda		1.833.010	0
Skuldir við lánastofnanir		2.039.137	0
Viðskiptaskuldir		6.900.330	1.943.771
Fyrirframinnheimtar tekjur		249.850	0
Aðrar skammtímaskuldir		6.549.835	2.110.581
Skammtímaskuldir		<u>17.572.162</u>	<u>4.054.352</u>
Skuldir samtals		<u>18.335.644</u>	<u>8.474.523</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>131.721.381</u></u>	<u><u>136.735.685</u></u>

Sundurliðanir

	2023	2022
Tekjur		
Félagsgjöld	13.694.646	14.759.700
Vallargjöld	26.523.843	27.185.800
Vallargjöld vinavellir	3.553.150	0
Mótagjöld	16.618.220	14.658.900
Auglýsingar	2.251.305	2.480.000
Auglýsingar kókdós	1.500.000	0
Styrkir fyrirtækja	3.449.680	2.266.150
Styrkur vegna lokunar í Brákarey	1.500.000	269.782
Húsaleiga	600.000	600.000
Styrkur v. unglíngastarfs dósir	555.534	0
Endurgreiðsla Vinnumálastofnunar	1.521.167	0
Kúluvél	632.900	700.671
Tekjur v. getrauna og frá UMSB	326.218	15.493
Aðrar tekjur, gjafabréf, hermir og fatnaður	237.943	0
	<u>72.964.606</u>	<u>62.936.496</u>
Laun og launatengd gjöld		
Laun	16.621.059	12.571.836
Laun og annar starfsmannakostnaður framkvæmdarstj.	19.347.959	14.463.393
Ökutækjastyrkur	90.300	876.360
Lífeyrissjóður	3.434.478	3.824.354
Sjóðagjöld	446.262	495.145
Tryggingagjald	2.134.776	2.378.264
Jólagjafir starfsmanna	120.000	0
	<u>42.194.834</u>	<u>34.609.352</u>

Sundurliðanir frh.

	2023	2022
Ýmis rekstrarkostnaður og rekstur vallar og tækja		
Rafmagn og hiti	804.599	682.437
Viðhald og rekstur	9.688.483	3.292.106
Sorphirða	73.158	0
Hreinlætisvörur og ræsting	15.361	6.596
Annar húsnæðiskostnaður	34.125	160.102
Sími og rekstur tölvukerfis	920.968	446.645
Ritföng og prentun	21.271	1.124
Aðkeypt vinna	5.645.046	0
Bókhald og reikningsskil	647.356	554.280
Ferðakostnaður	525.612	35.230
Kostnaður v. mótahalds	5.383.683	4.378.910
Vinnufatnaður	239.424	932.359
Auglýsingar	27.280	511.000
Sveitakeppni	1.489.594	1.033.806
Keypt áhöld og rekstrarvörur	406.791	344.967
Rekstur tölvukerfis	560.954	135.721
Áburður, fræ, sáning og söndun	1.220.931	981.597
Aðkeyptur akstur og bílaleigubílar	246.920	0
Rekstur bifreiða	2.741.837	2.635.083
Kaupleiga vélar	0	659.880
Greiðslur til GSÍ	911.916	1.241.200
Tryggingar	728.541	831.103
Funda- og viðskiptakostnaður	0	14.737
Birgðabreyting	(490.608)	0
Kostnaður v. afmælisblaðs	416.694	0
Félagsgjöld Golf Iceland	1.022.000	465.000
Fyrri árs stöður hreinsaðar út	2.825.225	0
Afskrifaðar kröfur	3.291.303	0
Annar kostnaður	1.204.396	364.205
	<u>40.602.860</u>	<u>19.708.088</u>

Skýrsla kvennanefndar G.B. 2023

Hið árlega uppgjör kvennastarfsins hjá GB. Alltaf jafn gaman að setjast niður í lok sumars og fara yfir árið og rifja upp það starf sem kvennanefndin sá um þetta sumarið. Kvennastarfið síðustu ár hefur verið með nokkuð hefðbundnum hætti. Hin ýmsu mót og viðburðir hafa verið festir í sessi og þykir það jákvætt. Í nefnd þetta árið sátu Elva Pétursdóttir, Margrét Katrín Guðnadóttir, Guðveig Lind Eyglóardóttir, Guðbjörg Ásmundsdóttir, Helga Sigurlína Halldórsdóttir og Kristjana Jónsdóttir. Hlutverk kvennanefndar hefur meðal annars verið að styrkja tengslanet kvenna innan klúbbsins sem er meðal annars gert með því að skipuleggja viðburði og mót.

Í upphafi sumars hófst undirbúningstímabilið með ferð í golfhermi þar sem sveiflan var æfð í boði klúbbsins. Mikil ánægja var með þá ferð meðal kvenna og skemmtilegt að brjóta upp tímabilið með æfingu í inniaðstöðu.

Dömumótaröðin var haldin fimmta árið í röð og heppnaðist hún einstaklega vel. Alls voru 24 konur skráðar í mótaröðina sem er aukning um þrjár frá fyrra ári. Dömumótaröðin hefur þann kost að tengja saman konur innan klúbbsins bæði innan sem utan vallar þar sem keppt er yfir allt sumarið og fram á haust. Mótaröðin er því góður grundvöllur til að styrkja tengsl á milli þeirra kvenna sem eru í klúbbum og að tengja þær sem koma nýjar inn í klúbbinn við þær sem fyrir eru. Mótaröðin var svo gerð upp í september með lokahófi. Vill kvennanefndin þakka öllum þeim sem sýndu okkur velvilja með verðlaunum og fjárstyrkjum.

Þann 19. júní var haldið hið árlega innanfélagsmót kvenna. Alls tóku 24 konur þátt. Mótið var vel heppnað í alla staði. Vesturlandsmóti kvenna var frestað þetta árið en það átti að vera á Akranesi árið 2023. Eftir að reynt hafði verið að halda mótið tvær helgar var tekin ákvörðun um að fresta mótinu um ár. Við mætum því galvaskar að ári á Akranes.

Sumarið var skemmtilegt og nokkuð í takt við fyrri sumur. Fram undan ættu að vera spennandi verkefni með það að markmiði að efla kvennastarfið innan GB og fjölga konum í klúbbum.

Kvennanefndin þakkar fyrir sumarið og hlakkar til næsta sumars.



Pútt-aðstaðan í kjallara Menntaskóla Borgarfjarðar

Að beiðni formanns Golfklúbbs Borgarness, Ingva Jens Árnasonar, lýsi ég aðstæðum í kjallara Menntaskólans þar sem Púttþópur Hamars hefur æft síðan við vorum hrakin úr góðri aðstöðu í gamla sláturhúsinu í Brákarey.

Fyrir það fyrsta er aðstaðan til púttisins það þröng að við getum með herkjum leikið þar níu holur. Hentugast væri að aðeins væru leiknar sex holur. Það þýðir að við verðum að tví- eða þrískipta hópnum. Það fer eftir hversu margir mæta. Það er tiltölulega stutt á milli hola og flöturinn rennisléttur þannig að það er engin tilbreyting né landslag sem eykur tilbreytni. Sæmileg loftræsting er í púttisalnum. En því er ekki að heilsa fram á ganginum þar sem fólk verður að bíða milli umferða. Þar er engin loftræsting svo nokkrir í hópnum treysta sér ekki til að koma á púttæfingar í MB vegna lungnaveiki.

Þá er engin aðstaða til að hita sér kaffi eins í Brákarey og uppi á Hamri. Þar eru nokkur borð en við þurfum að taka með okkur stóla ofan af Hamri til að allir gætu setið milli tarna. Það er því fátt sem laðar púttþópinn að kjallaranum í MB og nokkrir einstaklingar æfa aldrei þar. Það er því mjög brýnt að fá betri aðstöðu til að allir geti verið með og notið hins góða félagsskapar sem ríkir innan Púttþóps Hamars.

Ingimundur Ingimundarson

Þjálfun og kennsla barna og unglunga

Anton Elí annaðist þjálfun og kennslu barna og unglunga í sumar frá 11. júní til 25. ágúst. Æfingar voru þrisvar í viku í tveimur flokkum: 1. - 5. bekk og 6. – 10. bekk. Mæting var góð hjá yngri flokknum. Koma þarf upp skipulagi yfir vetrartímamann fyrir börn og unglingar svo þau geti stundað golfið allan ársins hring. Þannig er einnig hægt að stuðla að því að fleiri börn og unglingar kynnist golfíþróttinni. Það ætti að vera eitt af aðalmarkmiðum stjórnar að efla barna og unglिंगastarf klúbbsins.



Íslandsmót golfklúbba – 2. deild kvenna var leikin á Hamarsvelli dagana 18.-20. ágúst

Níu lið voru skráð til leiks og þurfti því að spila högggleik til að ákvarða niðurröðun í riðla. Efstu fjögur liðin fóru í efri riðil þar sem keppt var um 1.-4. sæti og í neðri riðlinum var leikið um 5.-8. sæti. Leiknar voru tvær umferðir og náði sveit GB 5. sæti að loknum högggleiknum. Sveit GB vantaði einungis nokkur högg til að komast í efri hlutann.

Að loknum högggleik var spiluð holukeppni um 1. – 4. sætið í hvorum riðli og lék sveit GB við sveit GÁ og sigraði örugglega 3-0. Síðasti leikur GB sveitarinnar var því við GVS um 5.-6. sætið og sigraði sveit GB 3-0 og endað í 5. sæti.

Úrslit Íslandsmótsins í 2. deild kvenna voru eftirfarandi:

1. sæti Golfklúbbur Akureyrar
2. sæti Golfklúbbur Selfoss
3. sæti Golfklúbbur Fjallabyggðar
4. sæti Golfklúbburinn Leynir
5. sæti Golfklúbbur Borgarness
6. sæti Golfklúbbur Vatnsleysustrandar
7. sæti Golfklúbbur Grindavíkur
8. sæti Golfklúbbur Álftaness
9. sæti Golfklúbburinn Esja

Sveit Golfklúbbs Borgarness skipuðu: Elva Pétursdóttir, Fjóla Pétursdóttir, Hallbera Eiríksdóttir, Margrét Katrín Guðnadóttir, Júlíana Jónsdóttir og Ásdís Helgadóttir, liðsstjóri.

Við liðskonurnar frá Borgarnesi vorum bara nokkuð sáttar með að ná 5. sætinu og vinna þannig „neðri deildina“ Þetta var hin besta skemmtun og áttum við góðar stundir saman hópurinn.

Völlurinn skartaði sínu fegursta og var almenn ánægja hjá liðunum að koma á Hamarsvöll og fá að spila völlinn okkar sem þykir mjög fallegur og góður á landsvísu. Veðrið var ágætt og því góðar aðstæður til að spila golf. Fjöldi liða í 2. deildinni var mjög óhagstæður, þ.e. 9 lið þar sem leika þurfti högggleik til að ákvarða röð liða í stað þess að leika holukeppni í öllum umferðum. Þá fékk liðið í 9. sæti ekki neinn alvöru leik í holukeppninni. Huga þarf að breytingum á reglugerð um sveitakeppni þannig að megináherslan er á að leikin sé holukeppni allan tímann til að ákvarða úrslit. Þá mætti klúbburinn huga betur að skipulagi og umsýslu þegar haldin eru svona mót og leggja þarf áherslu á að umgjörðin í kringum kvennamót sé með svipuðum hætti og þegar haldin er sveitakeppni karla.

Íslandsmót Golfklúbba 3. deild karla –sem leikin var á Húsavík dagana 18.-20. ágúst

Sveit GB var skipuð:

- Jón Örn Ómarsson
- Rafn Stefán Rafnsson
- Hlynur Þór Stefánsson
- Albert Garðar Þráinsson
- Anton Elí Einarsson
- Sigurður Eggert Sigurðsson

Liðið lenti í 2. sæti og leikur áfram í 3. deild.



Íslandsmót golfklúbba - 50+, 1. deild karla

Íslandsmót golfklúbba í 1. deild karla 2023 í +50 ára og eldri fór fram á Hólmsvelli í Leiru dagana 24.-26. ágúst. Alls tóku átta klúbbar þátt.

Golfklúbburinn Esja og Golfklúbbur Akureyrar léku í undanúrslitum þar sem að GA hafði betur. Í hinum undanúrslitaleiknum áttust við Golfklúbbur Reykjavíkur og Golfklúbbur Setbergs, þar sem Setberg sigraði. Í úrslitum léku GSE og GA þar sem Setberg fagnaði sigri og er Íslandsmeistari golfklúbba 2023 í +50 flokki karla. Golfklúbbur Borgarness féll í 2. deild og Golfklúbburinn Oddur tekur sæti þeirra að ári.

Lokastaðan:

- 1. Golfklúbbur Setbergs.
- 2. Golfklúbbur Akureyrar.
- 3. Golfklúbburinn Esja.
- 4. Golfklúbbur Reykjavíkur.
- 5. Golfklúbbur Kópavogs – og Garðabæjar.
- 6. Golfklúbburinn Keilir.
- 7. Golfklúbbur Suðurnesja.
- 8. Golfklúbbur Borgarness.

Golfklúbbur Borgarness sendi sveit til keppni liðskipan var þannig:

Birgir Hákonarson - Hörður Þorsteinsson - Jóhannes Ármannsson - Snæbjörn Óttarsson -

Ómar Örn Ragnarsson - Pétur Sverrisson - Gestur Már Sigurðsson - Hilmar Hákonarson -

Ingvi Árnason - Stefán Haraldsson

Liðstjóri: Stefán Haraldsson

Eins og við var að búast var við ofurefli að eiga, mikið af nýjum leikmönnum í stóru klúbbunum sem flestir voru með 1 til 4 í forgjöf. Þetta var þriðja skiptið sem við í GB vorum í 1. deild af svo litlum og fámönnum klúbbi er það kraftaverk. Við verðum á 2. deild að ári þá verður valinn nýr liðstjóri sem kemur klúbbnum aftur í 1. deild meðal þeirra bestu.

Takk fyrir mig, kv, Herr Capitan

Frá lokahófi meistaramóts 2023



Frá lokahófi innanfélagsmótaraðinnar 2023

